

Nd.

69. Frumvarp til laga

[66. mál]

um iðnráðgjafa.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

1. gr.

Ákveði samtök sveitarfélaga eða iðnþróunarfélag, sbr. 2. gr., að ráða iðnráðgjafa til starfa er heimilt að greiða úr ríkissjóði framlag vegna starfa þeirra, svo og kostnað við samræmingu, sbr. 4. gr.

Framlagið miðist við launakostnað vegna starfa eins manns á starfssvæði hlutaðeigandi samtaka eða miðað við kjördæmi.

2. gr.

Iðnþróunarfélag, skv. lögum þessum, merkir félag er hefur landshluta eða kjördæmi sem starfssvæði og sveitarfélög, félagasamtök, fyrirtæki og einstaklingar geta átt aðild að, enda hafi félagið það markmið að efla iðnþróun á starfssvæði sínu.

3. gr.

Helstu verkefni iðnráðgjafa eru þessi:

- a) Að hjálpa iðnfyrirtækjum og aðilum sem hyggja á iðnrekstur að greina þörf sína fyrir sérfræðiaðstoð og veita upplýsingar um hvar slíka aðstoð sé að fá.
- b) Að vera tengiliður milli tækni- og þjónustustofnana iðnaðarins og þeirra aðila sem starfa í iðnaði og að iðnaðarmálum í landshlutanum.
- c) Að aðstoða sveitarstjórnir, félagasamtök, fyrirtæki og einstaklinga við athuganir á nýjum viðfangsefnum í iðnaði.
- d) Að miðla upplýsingum um tækni- og rekstrarmálefni og hafa milligöngu um námskeiðahald og aðra fræðslustarfsemi sem vöð er á fyrir starfsfólk í iðnaði.
- e) Að stuðla að aukinni samvinnu iðnfyrirtækja bæði innan starfsgreina og þeirra í milli, svo og tengslum við fyrirtæki í öðrum greinum.
- f) Að vera til ráðuneytis þeim aðilum sem eiga þátt í að móta atvinnumálastefnu landshlutans.

4. gr.

Iðnaðarráðuneytið sér um framkvæmd þessara laga.

Tryggð skulu tengsl iðnráðgjafa við tækni- og þjónustustofnanir iðnaðarins og störf þeirra samræmd, undir forustu Iðntæknistofnunar, með hliðsjón af stefnumörkun um iðnþróun og þeim aðgerðum sem unnið er að á hverjum tíma.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu gilda til 31. desember 1985.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Almennt

Úrbóta er þörf á ráðgjafaþjónustu í iðnaði á landsbyggðinni. Frumvarp þetta fjallar um nýmæli í því efni. Með því er ríkissjóði heimilað að leggja fé af mörkum til að auðvelda samtökum sveitarfélaga eða iðnþróunarfélögum sem stofnuð yrðu í landshlutunum að hafa iðnráðgjafa í þjónustu sinni.

Hlutverk iðnráðgjafa yrði, eins og nafnið bendir til, m. a. að veita ráðgjöf og upplýsingar um þá þætti sem stuðlað geta að vexti og viðgangi iðnaðar í landshlutunum. Til þess er ætlast að iðnráðgjafarnir hafi náið samstarf við tækni- og þjónustustofnanir iðnaðarins og leitist við að skapa betri tengsl milli þeirra og iðnfyrirtækja á landsbyggðinni.

Gert er ráð fyrir að iðnaðarráðuneytið feli Iðntæknistofnun að hafa forystu um samræmingu á störfum iðnráðgjafanna.

Líta verður á starfsemi iðnráðgjafa sem tilraun. Reynsla verður að skera úr um hversu til tekst. Því er gert ráð fyrir að ráðstafanir þær sem í frv. felast verði teknar til endurskoðunar að fjórum árum liðnum.

Sú ráðgjafaþjónusta í iðnaði sem frumvarpið gerir ráð fyrir á sér hliðstæðu í landbúnaði og sjávarútvegi. Búnaðarfélag Íslands hefur um langt skeið haft forystu um leiðbeiningarþjónustu og héraðsráðunautar hafa farið um meðal bænda og annast sjálft leiðbeiningarstarfið. Þá starfa á nokkrum stöðum sérfræðingar á vegum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.

Í umræðum um eflingu iðnaðar hefur mikið verið rætt um stofnun iðnþróunarfélaga og iðnþróunarsjóða í landshlutunum. Miðað við að iðnþróunarfélög nái yfir starfssvæði landshlutasamtaka sveitarfélaga eða kjördæmi og starfi að iðnþróun með hagsmuni heilla landshluta í huga gætu þau orðið eðlilegur vettvangur eða bakhjarl fyrir starf iðnráðgjafa. Því er í frv. gert ráð fyrir að iðnráðgjafar geti verið starfsmenn iðnþróunarfélaga.

Á síðustu árum hafa einstök sveitarfélög og samtök þeirra látið sig iðnaðarmál æ meira varða og lagt áherslu á áætlunargerð um atvinnuþróun. Í ályktunum frá ársþingum landshlutasamtaka sveitarfélaga hefur oft verið lögð áhersla á að ríkisvaldið þyrfti að styðja starf samtaka sveitarfélaga að iðnaðarmálum. Í þessu efni hefur verið bent á nauðsyn fjárstuðnings og forystu ríkisins um stýringu og samræmingu iðnþróunarverkefna í samstarfi við heimaaðila, Framkvæmdastofnun ríkisins og þjónustustofnanir iðnaðarins.

Í þeim byggðapróunaráætlunum sem Framkvæmdastofnun ríkisins hefur unnið að, í samstarfi við sveitarfélögin og samtök þeirra, hefur höfuðáhersla verið lögð á eflingu iðnaðar.

Farsæl atvinnuþróun skiptir miklu máli bæði fyrir einstök byggðarlög og samfélagið í heild. Við blasir að á næstu árum þarf að sjá vaxandi fjölda fólks fyrir störfum og leitast við að tryggja sem mesta fjölbreytni í atvinnulífi. Í því sambandi er mjög horft til iðnaðar til viðbótar fiskiðnaði og hefðbundnu atvinnulífi.

Vel skipulögð ráðgjafaþjónusta er meðal þeirra þátta sem ýtt geta undir iðnþróun sem víðast á landinu. Eðlilegt er að ríkið eigi hlut að slíku.

Annars staðar á Norðurlöndum, s. s. í Noregi og Danmörku, hefur á síðustu árum verið lögð mikil áhersla á eflingu hliðstæðrar ráðgjafabjónustu og frv. þetta gerir ráð fyrir. Hefur þjónustan yfirleitt miðast við þarfir minni og meðalstórra fyrirtækja. Hvort tveggja er til að ráðgjafabjónustan sé á vegum iðnþróunarfélaga (t. d. Utviklingsselskapet for næringsliv på Vestlandet, UNV í Noregi) eða í tengslum við tæknistofnanir iðnaðarins (Teknologisk informationscenter í Danmörku og svonefnd INKO-tjeneste í Noregi). Í báðum tilvikum er um opinberan stuðning að ræða.

Miklar upplýsingar liggja fyrir um reynslu annarra Norðurlanda af þessari ráðgjafabjónustu. Við samningu þessa frv. hefur verið leitast við að hagnýta þessar upplýsingar, einkum að því er varðar stefnumótun um verkefni iðnráðgjafanna.

Iðnþróunarfélög — Iðnþróunarsjóðir

Ein meginforsenda þess að stuðningur ríkisins við iðnþróun í landshlutunum komi að tilætluðum notum er öflugt starf og fjárhagslegur stuðningur af hálfu heimamanna.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ráðningaraðili iðnráðgjafa verði annaðhvort landshlutasamtök sveitarfélaga eða iðnþróunarfélag sem stofnað yrði í landshluta eða kjördæmi. Enn sem komið er eru landshlutasamtök sveitarfélaga eini aðilinn sem staðið getur að ráðningu iðnráðgjafa og borið þann hluta kostnaðar við starfsemina sem framlag ríkisins ekki hrekkur fyrir.

Með stofnun iðnþróunarfélaga á landshlutagrundvelli og iðnþróunarsjóða í tengslum við þau geta hins vegar fljótlega opnast nýir möguleikar varðandi starfsvettvang iðnráðgjafa.

Stofnun iðnþróunarfélaga og iðnþróunarsjóða hefur verið til umræðu í flestum landshlutum og undirbúningur er sums staðar hafinn. Á Suðurlandi hefur t. d. verið stofnaður iðnþróunarsjóður með þátttöku flestra sveitarfélaga. Í reglugerð þess sjóðs er kveðið á um að sveitarfélögin leggi á þessu ári 1% af föstum tekjum sínum í sjóðinn.

Með hliðsjón af framansögðu má því ætla að iðnþróunarfélög með aðild sveitarfélaga, fyrirtækja, félagasamtaka og annarra áhugaaðila gætu orðið virkari bakhjarl fyrir ráðgjafabjónustuna en væri hún eingöngu á vegum samtaka sveitarfélaga. Kostir slíks fyrirkomulags gætu m. a. falist í því að þeir aðilar sem þjónustunnar nytu teldu hana standa sér nær, ef um slíka formlega félagsaðild væri að ræða og þannig yrði tryggður réttur þeirra til áhrifa á fyrirkomulag hennar.

Iðnþróunarfélög gætu orðið ákjósanlegur vettvangur fyrir starfsemi iðnráðgjafa að þeim skilyrðum fullnægðum varðandi skipulag og verkefni sem frv. gerir ráð fyrir.

Jarðvegur og þörf fyrir iðnráðgjöf

Ef frá eru taldir nokkrir kaupstaðir og einstakir byggðakjarnar á landsbyggðinni er vart hægt að tala um að hér sé fyrir hendi iðnhefð eða iðnaðarumhverfi. Þessar aðstæður móta óhjákvæmilega almenn viðhorf til iðnaðar og iðnaðaruppbyggingar og munu í fyrstu hafa áhrif á starfsskilyrði iðnráðgjafanna.

Algengt er að skipta iðnfyrirtækjum í 3 stærðarflokka: Smáfyrirtæki, miðlungsfyrirtæki eða meðalstór fyrirtæki og stór fyrirtæki.

Þessi flokkun er að sjálfsögðu afstæð eins og best sést á eftirfarandi yfirliti um algengar viðmiðanir í þessu efni á Norðurlöndum:

Viðmiðanir á Norðurlöndum varðandi stærðarflokkun fyrirtækja

	Minni fyrirtæki Starfsmenn	Meðalstór fyrirtæki Starfsmenn	Stór fyrirtæki Starfsmenn
Danmörk	Allt að 19	20— 99	Yfir 100
Finnland	— — 99	100—499	— 500
Ísland	— — 4	5— 29	— 30
Noregur	— — 49	50— 99	— 100
Svíþjóð	— — 49	50—199	— 200

Heimild: Externa tjänster till de mindre och medelstora företagen, NU A 1979:22.

Iðnfyrirtæki á landsbyggðinni eru, þegar á heildina er litið, bæði fá og smá og tilheyra með fáum undantekningum fyrstu tveimur flokkunum samkvæmt yfirlitinu hér að framan. Samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar eru rúmlega 70% íslenskra iðnfyrirtækja með 1—5 starfsmenn (ársverk).

Í fyrirtæki af þessari stærð hefur stjórnandinn sjaldnast langa skólagöngu að baki og það heyrir til undantekninga að þessi fyrirtæki hafi tæknimenntaða menn í þjónustu sinni. Því verða þau að hagnýta sér aðkeypta sérfræðiaðstoð. Sú þjónusta nýtist oft ekki sem skyldi því nauðsynlega aðstoð við greiningu á vandamálunum, eins konar forathugun, skortir. Það er einmitt á þessu sviði sem iðnráðgjafar gætu orðið fyrirtækjum á landsbyggðinni að miklu liði.

Meginhugmyndin með iðnráðgjöf skv. frumvarpinu er því að stjórnendur fyrirtækja geti leitað til iðnráðgjafans með margháttuð vandamál sem upp kunna að koma í rekstrinum og fengið leiðbeiningar um hvers konar aðstoðar sé þörf og hvar hana sé að fá. Sama máli gegnir um ráðgjöf fyrir þá sem hyggjast hefja iðnrekstur. Þeir þurfa oft á upplýsingum og aðstoð að halda við að þróa hugmyndir sínar þannig að úr því fáiast skorið hvort grundvöllur sé fyrir því að hefja tiltekna framleiðslu eða annars konar iðnrekstur (þjónustuiðnað).

Iðnfyrirtæki á landsbyggðinni eiga líka á margan hátt erfitt með að hagnýta sér þá aðstoð sem tækni- og þjónustustofnanir iðnaðarins geta veitt. Ástæðan fyrir þessu er m. a. sú að þær stofnanir eru allar á höfuðborgarsvæðinu.

Iðnráðgjöf í landshlutunum á hins vegar ekki að koma í staðinn fyrir þá þjónustu sem tæknistofnanir iðnaðarins geta veitt. Með iðnráðgjöfinni er ekki síst að því stefnt að „stytta bilið“ milli iðnfyrirtækja á landsbyggðinni og þjónustustofnana iðnaðarins.

Verkefni iðnráðgjafa

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að einn iðnráðgjafi starfi í hverjum landshluta eða kjördæmi.

Verkefni iðnráðgjafanna munu eðlilega ráðast nokkuð af aðstæðum, stöðu og þróunarmöguleikum iðnaðar á hverju svæði. En til þess að starfsemin komi að tilætluðum notum skiptir miklu máli að þegar í upphafi verði leitast við að móta leiðbeinandi ramma varðandi verksvið iðnráðgjafanna.

Í frv. er lagt til að störf iðnráðgjafanna beinist aðallega að því að leiða í ljós eða greina á hvaða sviðum aðstoðar sé þörf hjá starfandi fyrirtækjum og aðilum sem hyggja á iðnrekstur og í hverju hún skuli fólgin. Þetta á jafnt við um hvers konar sérfræðiaðstoð, upplýsingar, tengsl og fræðslu. Að slíkri greiningu lokinni yrði það í verkahring ráðgjafans að koma viðkomandi aðila í samband við þá sem þjónustuna geta veitt.

Lögð er áhersla á tengsl iðnráðgjafanna við tækni- og þjónustustofnanir iðnaðarins en þær stofnanir, einkum Iðntæknistofnun og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, munu í mörgum tilvikum geta veitt áður nefnda sérfræðiaðstoð.

Söfnun og miðlun margvíslegra upplýsinga sem iðnfyrirtæki þurfa á að halda mun verða gildur þáttur í starfi iðnráðgjafanna. Sem dæmi má nefna upplýsingar um lánasjóði iðnaðar-

ins og leiðbeiningar um frágang lánsúmsókna. Sama máli gegnir um fræðslumál: Nauðsynlegt er að iðnráðgjafarnir fylgist með þörfum starfsmanna í iðnaði fyrir viðbótar- og eftirmenntun og afli upplýsinga um hvaða aðilar standa fyrir slíkum námskeiðum. Hafa þarf milligöngu um að þeir er fræðslu veita haldi námskeið á landsbyggðinni eftir því sem aðstæður leyfa.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að iðnráðgjafinn stuðli að samstarfi iðnfyrirtækja bæði innan starfsgreina og þeirra í milli, svo og að höfð séu í huga tengsl iðnfyrirtækja við fyrirtæki í öðrum greinum.

Jafnframt er gert ráð fyrir að iðnráðgjafinn verði innan handar þeim aðilum sem eru að þróa hugmyndir um ný iðnaðarverkefni. Ætla má að þau tengsl sem iðnráðgjöfum er ætlað að hafa við tæknistofnanir iðnaðarins geti haft örvandi áhrif á starfsemi þessara stofnana og m. a. auðveldað þeim að koma á framfæri ýmsum nýiðnaðarhugmyndum og rannsóknaniðurstöðum, svo og að rækja þjónustuhluverk sitt.

Í frumvarpinu er nefnd ráðgjöf við þá aðila sem eiga þátt í að móta iðnaðarstefnu landshlutans. Hér er m. a. átt við atvinnumálanefndir sveitarfélaga, starfsnefndir á vegum landshlutasamtaka svo og iðnþróunarfélög sem stofnuð yrðu.

Gera verður ráð fyrir að það taki sinn tíma að kynna ráðgjafarþjónustuna. Því er líklegt að a. m. k. fyrst í stað verði eftirspurn eftir ráðgjöf ekki í samræmi við raunverulega þörf. — Með nokkrum rétti má segja að meðal verkefna iðnráðgjafanna verði að plægja akurinn og skapa þannig þörf fyrir eigin aðstoð.

Kostnaður við störf iðnráðgjafa

Lagt er til að framlag ríkisins vegna hvers iðnráðgjafa nemi sem svarar beinum launa- kostnaði, þ. e. föstum launum, umsaminni yfirvinnu og launatengdum gjöldum.

Miðað við núgildandi verðlag og launataxta (ágúst-sept. 1981) myndi framlag ríkisins verða um 15 þús. kr. á mánuði eða um 180 þús. kr. á ári vegna starfa hvers iðnráðgjafa.

Þá þarf að gera ráð fyrir kostnaði við samræmingu á störfum iðnráðgjafanna hjá Iðntæknistofnun. Í heild gæti sá kostnaður svarað til launa eins starfsmanns.

Heildarútgjöld ríkissjóðs vegna þeirra ráðstafana sem í frv. felast yrðu háð því hve margir landshlutar myndu hagnýta sér stuðning ríkisins vegna starfa iðnráðgjafa. Sé miðað við að slík starfsemi yrði heimilud í öllum kjördæmum landsins, væri kostnaður ríkissjóðs sem nemur 8×180 þús. kr. eða um 1 440 þús. kr. í heild á ári.

Gert er ráð fyrir því að ráðningaraðili greiði allan annan kostnað við störf iðnráðgjafa en að framan greinir, s. s. ferða- og skrifstofukostnað.

Samræming á störfum iðnráðgjafa

Gert er ráð fyrir því að iðnaðarráðuneytið fari með framkvæmd þeirra mála sem frumvarpið fjallar um.

Mikilvægt er að tryggja góð tengsl milli iðnráðgjafanna og tækni- og þjónustustofnana iðnaðarins, Iðntæknistofnunar Íslands, Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og stofnana sem vinna að áætlanagerð um byggðapróun, svo sem Framkvæmdastofnunar ríkisins. Þá er einnig þýðingarmikið að störf iðnráðgjafanna séu samræmd að því marki sem unnt er þrátt fyrir þær ólíku aðstæður sem fyrir hendi eru á hverju starfssvæði.

Nauðsynlegt er að tryggja samstarf um þessi verkefni og er eðlilegt að Iðntæknistofnun sé falið að hafa frumkvæði þar að lútandi.

Fyrirsjáanlegt er að iðnráðgjafarnir munu þurfa að starfa nokkuð sjálfstætt. Þetta mótast af eðli starfsins og starfsaðstæðum, þar sem víða er um brautryðjendastarf að ræða. Þess verður hins vegar að gæta að þeir einangrist ekki í starfi sínu, heldur verði í sem nánustum tengslum við þær stofnanir og þá aðila sem starfa að iðnaðaruppbyggingu í landinu.

Einnig er mjög mikilvægt að iðnráðgjafarnir hafi náð samstarf sín í milli og geti þannig miðlað hver öðrum af reynslu sinni.

Vegna staðsetningar þjónustustofnana iðnaðarins og annarra stofnana sem fjalla um atvinnumál verður ekki hjá því komist að skapa iðnráðgjöfunum vissa starfsaðstöðu á höfuðborgarsvæðinu. Nærtækast virðist í þessu sambandi að gera ráð fyrir starfsaðstöðu hjá Iðntæknistofnun Íslands. Þar þyrfti sérstakur starfsmaður að vera til ráðuneytis og aðstoðar iðnráðgjöfunum. Slíkur starfsmaður hefði ekki síst mikilvægu hlutverki að gegna þegar nýir iðnráðgjafar koma til starfa og á meðan ráðgjafastarfsemin er í mótun.

Það fyrirkomulag sem frumvarpið gerir ráð fyrir varðandi samræmingu á störfum iðnráðgjafanna er byggt á jákvæðri reynslu sem þegar er fengin. Sérstakur samstarfshópur hefur starfað með þeim iðnráðgjöfum (iðnþróunarfulltrúum) sem ráðnir hafa verið með stuðningi af iðnþróunarfé s. l. tvö ár og hefur sú skipan gefist vel.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein kemur fram heimild til þess að greiða úr ríkissjóði framlag vegna starfa eins iðnráðgjafa á starfssvæði landshlutasamtaka sveitarfélaga, iðnþróunarfélags eða í kjördæmi. Þannig getur umdæmi hvers iðnráðgjafa verið eitt eða fleiri kjördæmi. Hámarksfjöldi iðnráðgjafa skv. þessu er því 8 starfsmenn.

Framangreint framlag yrði greitt landshlutasamtökum sveitarfélaga, sem sum hver hafa starfandi iðnaðar- og atvinnumálanefndir á sínum vegum, eða iðnþróunarfélögum sbr. 2. gr.

Gert er ráð fyrir að landshlutasamtök eða iðnþróunarfélög sækji um framlag skv. þessari grein til iðnaðarráðuneytisins.

Um 2. gr.

Hér koma fram skilyrði fyrir því, að iðnþróunarfélagi verði greitt framlag skv. lögum þessum. Meðal þessara skilyrða er að félagið nái til eins eða fleiri kjördæma og að öll sveitarfélög á starfssvæðinu eigi kost á aðild að því.

Um 3. gr.

Í þessari grein eru tilgreindir nokkrir áhersluþættir varðandi verksvið iðnráðgjafa. Það mun eðlilega ráðast nokkuð af aðstæðum, stöðu og þróunarmöguleikum iðnaðar á hverju svæði, hvaða verkefni eru brýnust.

Um 4. gr.

Hér er lögð áhersla á að tengja þurfi starfsemi iðnráðgjafanna við stofnanir á sviði iðnaðar. Þá er einkum átt við Iðntæknistofnun Íslands, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, svo og Framkvæmdastofnun ríkisins, m. t. t. hlutverks hennar varðandi áætlanagerð um byggðaðróun. Gert er ráð fyrir að ráðuneytið feli Iðntæknistofnun forystu um að tryggja þessi tengsl og samræma störf iðnráðgjafanna.

Um 5. gr.

Lagt er til að lögini verði endurskoðuð að fenginni nokkurri reynslu af starfi iðnráðgjafanna, og gildistími þeirra því takmarkaður við árslok 1985.